

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýrra lánaflokka vegna breytinga á vanskilum lána þilfarsskipa og fiskvinnslustöðva úr sjóðnum í föst lán og er ákvæði þetta sett til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

Sjóðsstjórn ákveður fjárhæð hvers einstaks skuldbreytingaláns, en þó skal lán aldrei vera herra en sem nemur vanskilum lána hvers einstaks skips eða fiskvinnslustöðvar úr sjóðnum annarra en konverteringarlána og hagræðingarlána 31. des. 1980 að frádregnum þeim greiðslum sem lögboð'ð eða umsamið er að borist hafi fyrir þann dag svo og að frádreginni samtölu þeirra afborgana viðkomandi lána, sem fallið hafa í gjalddaga á síðara misseri ársins 1980. Skilyrði þess að aðili eigi kost á slíku láni, er að ljóst sé, að viðkomandi fiskiskip eða fiskvinnslustöð verði í eðlilegum rekstri og að greiðslur viðkomandi skips í Stofnfjár sjóð fiskiskipa verði auknar með samningum eða, að viðkomandi fiskvinnslustöð semji um greiðslur til sjóðsins á tilteknum hundradshluta af skilaverði útfluttra sjávarafurða í það mark, sem sjóðsstjórn telur nægjanlegt hverju sinni.

Lán þessi skulu tryggð með 1. samhliða veðrétti í viðkomandi fiskiskipi eða með veði í viðkomandi fiskvinnslustöð, ásamt vélum og búnaði, innan 60% af matsverði hins veðsetta. Heimilt er stjórn sjóðsins þó að krefjast frekari trygginga, ef hún telur það nauðsynlegt.

Lánskjör skulu vera þau sömu sem í gildi verða á almennum skipalánnum og fasteignalánnum í sjóðnum á afgangsludegi lána þessara.

Lánin skulu að jafnaði endurgreiðast á 5 árum, en skulu þó eigi vera til lengri tíma en 7 ára og eigi skemmri en til 3 ára. Gjald dagar lánanna skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta afborgun skal þó ekki falla í gjalddaga fyrr en 1. maí 1982. Af lánnum þessum skal greiða 0.5% lántökugjald.

Umsóknir um lán þessi skulu hafa borist sjóðnum eigi síðar en 25. janúar 1981 og skal að því stefnt, að öllum skuldbreytingum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu verði lokið fyrir 15. apríl 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi nýkrónu sem skráð verður í erlendri mynt af Seðlabanka Íslands á hádegi hinn 30. desember n. k. og gildi tekur 1. janúar 1981

skal gilda við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru fyrir janúarmánuð 1981. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar áfram óbreytt.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um gjaldmiðilsskipti 2. janúar 1981.

1. gr.

Bönkum og sparisjóðum er heimilt, með hliðsjón af 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um gjaldmiðilsbreytingu nr. 253/1980 að annast gjaldmiðilsskipti, þ.e. að skipta gömlum krónum í nýjar krónur, 2. janúar 1981, þótt þeir séu að öðru leyti lokaðir þann dag.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 9. gr. laga nr. 35 29. maí 1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Viðskiptaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980 um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Uppbót skal á fyrri helming ársins 1981 nema nýkr. 1 000 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.